



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 20. ágúst 2025
23032023/PK

Efni: Minnisblað um samræmda móttöku flóttafólks og fyrirhugaðar breytingar á þjónustu við flóttafólk og innflytjendur.

Kópavogsbær skrifaði undir þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks þann 22. júní 2023 sem hefur síðan þá verið framlengdur tímabundið. Núgildandi samningur gildir til 31. desember nk. og heildarfjöldi í þjónustu samkvæmt samningi er 101 einstaklingur. Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan fólk kemur.

Þann 24. júní sl. boðaði félags- og vinnumarkaðsráðuneytið þrjú sveitarfélög (Reykjavík, Hafnarfjörð og Reykjanesbæ) ásamt fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til vinnufundar vegna samninga um samræmda móttöku. Þegar fulltrúar þessara sveitarfélaga mættu til fundarins var ljóst að fundarefnið var að ræða fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi á samræmdri móttöku flóttafólks (sjá fylgiskjöl 1 og 2).

Í framhaldi af þeim fundi fékk undirrituð tölvupóst frá sérfræðingi Sambandsins um að þau myndu gera alvarlegar athugasemdir um hvernig staðið var að kynningu á þessum breytingum. Þar kom fram að þær hugmyndir um að framfærsla fyrir hluta íbúa sveitarfélaga flytjist til Vinnumálastofnunar vera illa ígrundaðar, talað um að tillögurnar séu illa unnar og að ekki sé verið að huga að inngildingum flóttafólks sem hafa fengið vernd.

Í kjölfar fundarins var ákveðið að Sambandið myndi safna saman athugasemdum frá þeim aðilum sem tóku þátt í fundinum til þess að senda til ráðuneytisins. Önnur sveitarfélög sem ekki tóku þátt í umræddum vinnufundi voru hvött til þess að senda athugasemdir til Sambandsins. Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar ásamt undirritaðri sendu þann 15. júlí sl. frá sér greinargerð vegna umræddra tillagna félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi á samræmdri móttöku flóttafólks (sjá fylgiskjal 3).

Þann 8. ágúst sl. upplýsti Samband íslenskra sveitarfélaga um að það væru komin inn í Samráðsgátt stjórnvalda áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda (sjá fylgiskjöl 4 og 5) og fór Sambandið þess á leit að hvert sveitarfélag myndi senda inn umsögn í Samráðsgáttina sem undirrituð ásamt Jóhönnu Lilju Ólafsdóttur, skrifstofustjóra á skrifstofu sviðsstjóra gerði þann 14. ágúst sl. (sjá fylgiskjal 6).

Þar koma fram áhyggjur af fyrirætluðum áformum um breytingar á þjónustu við flóttafólk sem fela meðal annars í því að heildarsýn í vinnslu mála tapist og að aðgreining aukist milli ólíkra hópa sem sækja velferðarþjónustu þar sem einstaklingum verður vísað á fleiri staði og þjónusta ekki samræmd á einum og sama staðnum. Ekki verður séð hvernig áformin geti aukið yfirsýn og samspil milli kerfa. Það er hætta á að umræddar tillögur ýti frekar undir aðgreiningu og að yfirsýn í málavinnslu tapist.



Flóttafólki er veitt mjög sérhæfð ráðgjöf innan sveitarfélaga sem eru með samninga um samræmdra móttöku flóttafólks og mikilvægt er að fá úr því skorið hvernig ríkið ætli að tryggja sveitarfélögunum áfram fjármagn til þess að þjónusta flóttafólk hvað varðar aðra þá þætti sem Vinnumálastofnun mun ekki bera ábyrgð á.

Ennfremur eru áhyggjur af því að ekki sé ávarpað hvernig haga eigi félagslegri ráðgjöf við barnafjölskyldur eins og t.d. varðandi skólamál, heilsugæslu og annað sem tilheyrir nærþjónustu sem er tímafrek þjónusta en gríðarlega mikilvæg til þess að styðja barnafjölskyldur flóttafólks og aðra hópa í viðkvæmri stöðu.

Í umsögn frá Kópavogsbæ kom einnig fram mikilvægi þess að gert verði mat á fjárhagslegum áhrifum frumvarps til nýrra laga á sveitarfélögin. Tryggja þurfi að tekjustofnar sveitarfélaga standi fjárhagslega undir mögulegum kostnaðarauka sem kunni að verða vegna lagabreytinga. Að öðru leyti var tekið undir framkomnar umsagnir Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar sem lesa má í [samráðsgátt](#).

Á grundvelli samnings um samræmda móttöku í Kópavogi var ráðið í tvö 100% stöðugildi félagsráðgjafa og þjónustufulltrúa. Félagsráðgjafinn sem nú er að störfum er í tímabundinni ráðningu til 31. desember 2025 en þjónustufulltrúinn er með fastráðningu. Staða þess starfsmanns er því í mikilli óvissu hvað varðar atvinnuöryggi og að öllu óbreyttu verður honum sagt upp störfum 1. október nk. þar sem hann er með þriggja mánaða uppsagnarfrest. Ef af verður og þessir tveir starfsmenn hætta störfum hjá Kópavogsbæ mun mikil þekking og reynsla af vinnu með flóttafólki tapast. Samkvæmt fyrirbyggjandi áformum ráðuneytisins er áfram gert ráð fyrir því að flóttafólk sem hefur verið lengur á Íslandi en tvö ár muni vera í þjónustu innan sveitarfélaganna. Hvort ráðuneytið hyggist fjármagna þá þjónustu við flóttafólk sem stendur eftir hjá sveitarfélögunum liggur ekki ljóst fyrir.

Virðingarfyllst
f.h. velferðarsviðs,
Þóra Kemp
Skrifstofustjóri, skrifstofu ráðgjafar

Fylgiskjöl

1. Glærur frá vinnufundi 24. júní 2025 um samræmda móttöku flóttafólks. Kynning á tillögu að breyttu fyrirkomulagi móttökunnar.
2. Samantekt af umræðum á vinnufundi félags- og húsnæðismálaráðuneytis með fulltrúum sveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks og fjölmenningsardeild Vinnumálastofnunar þann 24. júní 2025.
3. Greinargerð, dags. 15. júlí 2025 frá velferðarsviði Kópavogsbæjar vegna tillagna félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi á samræmdri móttöku flóttafólks.
4. Áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda.
5. Mat á áhrifum - Frumvarp til laga um málefni innflytjenda.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

6. Umsögn frá velferðarsviði Kópavogsbæjar dags. 14. ágúst 2025 vegna áforma félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um frumvarp til laga um málefni innflytjenda.

